Nafni 22-294 stendur hér nokkuð afgerandi efstur í heildareinkunn. Hann sækir yfirburðina að langmestu leyti í mat á lifandi lömbum þar sem hann skarar verulega fram úr öðrum hrútum í þessum samanburði. Sama er alls ekki upp á teningnum þegar kemur að kjötmatsniðurstöðunum þar sem gerðarmat afkvæma hans er það lægsta, þrátt fyrir fallþunga vel yfir meðaltalinu. Föðurfaðir Nafna er Þristur 18-856 sem héðan var fenginn til stöðvanna á sínum tíma. Móðurfaðir er Ebiti 13-971 frá Melum 1. Lauti 22-292 er að skila

langbestri gerð sláturlamb í þessum samanburði en hann er sonarsonur Molla 13-981 frá Heydalsá.

Stakkanes, Steingrímsfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
bolli	21-351	Bali	20-323	101,5	111,9	125,8	113,1	18,8	10,6	7,1	30,5	3,1	17,8	129
Bali	20-323	Örn	18-124	107,8	114,7	105,9	109,5	19,4	11,1	7,5	29,8	3,5	17,8	131
Gosi	22-359		19-407	107,1	90,7	123,7	107,2	19,3	10,3	7,7	31,3	3,4	17,6	130
	18-327	Kroppur	12-078	90,2	116,7	102,7	103,2	17,7	10,2	6,5	29,1	2,9	17,4	131
Heydi	22-357	Flumbri	19-102	105,1	101,3	101,8	102,7	19,1	10,6	7,6	28,4	3,0	17,9	127
Hyrni	21-355	Fáni	19-014	100,4	94,4	91,4	95,4	18,7	9,5	6,8	28,8	3,3	17,6	133
Gilji	21-356	Máangi	18-329	96,7	95,2	93,3	95,1	18,3	9,8	7,1	29,4	3,6	17,4	130
Steini	22-358	Kornelíus	19-315	96,9	90,1	85,5	90,9	18,4	10,0	7,4	28,5	3,6	17,6	134
Heimar	22-360		19-335	93,1	86,3	68,5	82,6	17,9	9,2	6,8	26,8	3,2	17,3	131
							Meðaltal:	18,6	10,2	7,2	29,2	3,3	17,6	131

Hér eru það feðgar sem standa eftir í heildareinkunn. Sonurinn Bolli 20-323 kemur sterkur út úr mati á lifandi lömbum og jafnframt eru kjötmatsniðurstöður í betra lagi. Faðir hans Bali 20-323 sem er sonarsonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum á aftur þann lambahóp sem hér nær hæstu mati fyrir gerð og þetta er jafnframt þyngsti sláturlambahópurinn. Gosi 22-359 sem er kaupahrútur frá Tröllatungu á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva.

Húsavík, Tungusveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Sólskær	21-365	Kornelíus	19-315	102,7	128,8	125,3	118,9	18,4	11,3	7,0	30,6	3,7	17,9	135
Raffi	21-364	Dolli	19-864	91,3	120,7	109,0	107,0	17,4	10,8	6,9	29,5	3,4	17,5	143
Tímían	22-377	Aaron	21-367	102,5	104,6	113,8	107,0	18,4	10,3	7,0	29,8	3,5	17,6	141
Kaldi	20-355	Heydalur	17-280	107,4	92,6	114,3	104,8	18,8	10,0	7,1	30,3	3,4	17,5	140
Kanill	22-373	Kornelíus	19-315	95,8	85,9	119,5	100,4	17,7	9,9	7,4	30,5	3,9	17,9	135
Rónaldó	21-363	Dolli	19-864	105,1	107,2	88,2	100,2	18,7	10,7	7,2	29,1	3,8	17,4	132
Gjóstur	20-356	Paufi	17-282	105,6	96,3	93,0	98,3	18,9	9,4	6,4	29,4	4,0	17,6	132
Brúnó	21-368	Móri	19-888	90,9	92,1	97,5	93,5	17,1	9,3	6,5	29,3	3,7	17,5	135
Negull	22-374	Markús	19-397	92,4	90,4	90,2	91,0	17,4	9,0	6,3	28,1	3,7	17,7	135
Lindi	21-366	Kornelíus	19-315	106,0	93,5	67,1	88,8	18,7	10,0	7,1	27,3	3,7	17,4	143
Basil	22-375	Hægur	20-351	101,8	73,1	77,1	84,0	18,3	9,6	7,5	28,4	3,9	17,1	142
							Meðaltal:	18,1	10,1	6,9	29,3	3,7	17,5	138

Sólskær 21-365 stendur hér langefstur í heildina. Faðir hans Kornelíus 19-315 er frá Miðdalsgröf en í ættartré móður hans má sjá þá Sprota 12-936 og Forða 08-858 í þriðja ættlið. Raffi 21-364 sonur Dolla 19-864 frá Miðdalsgröf skilar hér mjög vel gerðum sláturlambahópi en fallþungi þeirra er 0,7 kg undir meðaltali rannsóknarinnar.

Miðdalsgröf, Tungusveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Glæsir	22-341	Glæsir	19-887	102,7	117,8	120,3	113,6	20,4	11,9	7,0	33,0	3,6	17,9	130
Sómi	22-338	Sólmundur	20-322	108,7	103,1	118,2	110,0	21,4	11,8	7,6	32,8	3,5	18,0	129
Netti	22-334	Örn	18-124	101,2	114,1	109,3	108,2	20,3	12,0	7,2	33,0	4,0	17,9	137
Kubbur	22-337	Lurkur	19-858	96,4	107,3	87,8	97,2	19,5	12,6	8,2	31,4	4,4	18,2	137
Galsi	22-335	Gustur	21-333	104,8	95,7	82,4	94,3	20,7	11,2	7,4	30,8	3,7	17,7	133
Prúður C151	22-336	Páll	20-324	89,3	93,2	82,3	88,3	18,8	11,5	7,8	30,5	3,7	17,9	136
Fengur	22-342	Flumbri	19-102	98,0	78,1	88,2	88,1	19,9	10,6	7,6	31,2	3,8	18,0	132
Meðaltal:								20,1	11,5	7,5	32,0	3,8	17,9	133

Hér eru það þrjú hrútar sem skara talsvert fram úr hinum hrúتونum í heildareinkunn. Fyrstan skal telja Glæsi 22-341 son Glæsis 19-887 frá Litlu-Ávík sem keyptur var hingað frá Melum 1 í Árneshreppi. Hann sýnir talsverða yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í hagfelldu mati á sláturlömbum. Sómi 22-338 kemur vel út úr mati á lifandi lömbum og skilar afgerandi þyngsta sláturlambahópnum. Hann rekur ættir sína að hálfu leyti að Broddanesi 1 bæði í föður- og móðurætt. Faðir hans Sólmundur 20-322 hefur staðið sig vel sem lambafaðir. Netti 22-334 er að skila ljómandi góðum tölum en hann er sonarsonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum og móðir hann aðkeypt frá Broddanesi 1.

Tröllatunga, Tungusveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Sólmundur	20-322	Svalur	18-204	114,7	86,8	136,4	112,6	19,2	9,8	7,7	30,5	3,2	17,9	143
Spaði	22-449	Gaur	21-435	102,9	102,9	128,7	111,5	18,0	9,7	6,9	29,6	2,9	17,6	134
Dindill	21-331	Dolli	19-864	109,3	104,5	104,3	106,0	18,5	10,3	7,4	28,8	3,3	17,5	141
Spói	22-446	Steinn	19-403	102,3	105,5	107,5	105,1	17,9	10,1	7,2	28,9	3,1	17,5	135
Stakkur	22-401	Bralli	21-352	91,5	115,7	107,7	105,0	17,0	9,9	6,6	28,4	2,9	17,4	140
Sandur	22-445	Steinn	19-403	104,7	110,9	96,7	104,1	18,1	10,0	6,9	27,6	3,0	17,7	136
Kútur	20-422	Þokki	18-099	96,9	108,6	102,5	102,7	17,5	9,7	6,6	28,0	2,8	17,5	141
Bikar	21-328	Móri	19-888	103,9	117,5	77,3	99,6	18,1	10,3	6,9	26,9	3,3	17,4	136
Örn	22-444	Fálki	19-080	96,3	90,7	101,8	96,3	17,4	9,4	7,0	27,6	2,7	17,6	134
Mars	22-059	Emerald	21-054	94,0	102,6	82,4	93,0	17,2	10,3	7,4	27,2	3,5	17,5	138
Kobbi	21-440		19-407	102,5	84,3	87,3	91,3	17,9	9,1	6,9	27,4	3,0	17,4	141
Tumi	22-443		20-415	91,7	86,4	87,2	88,5	16,9	9,6	7,4	27,2	3,1	17,4	143
MogM	20-430	Uggi	18-272	93,9	90,3	75,3	86,5	17,3	9,3	6,8	27,2	3,3	17,3	139
Meðaltal:								17,7	9,7	7,0	28,1	3,1	17,5	139

Sólmundur 20-322 stendur hér efstur í heildina. Hann er frá Miðdalsgröf og stóð sonur hans Sómi 22-338 sig vel þar í afkvæmarannsókninni nú í haust. Sólmundur sýnir hér mikla yfirburði í mati á lifandi lömbum og sláturlömb undan honum eru 1,5 kg þyngri en meðaldilkur í rannsókninni. Gerðarmatið fylgir hinsvegar ekki með í þessum miklu yfirburðum í fallþunga. Faðir Sólmundar, Svalur 18-204 var frá Broddanesi 1. Spaði 22-449 sýnir prýðilega útkomu í mati á lifandi lömbum en að öðru leyti skarar hann ekki framúr svo neinu nemi. Þessi hrútur er fallinn í valinn.

Þorpar, Tungusveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Hnallur	20-029	Þokki	18-099	108,5	109,6	132,9	117,0	18,2	11,1	6,9	30,0	2,2	17,6	133
Bjartur	22-042	Geisli	21-037	102,0	116,3	116,5	111,6	17,7	10,8	6,2	29,3	2,6	17,5	135
Meitill	22-046	Fleygur	21-036	108,4	113,3	110,5	110,7	18,2	11,0	6,5	28,6	2,4	17,5	136
Flytír	22-044	Hasar	20-028	99,7	100,1	110,1	103,3	17,5	10,0	6,1	28,4	2,2	17,4	135
Lúlli	21-041	Hvalur	18-015	93,4	102,2	100,1	98,6	16,9	9,7	5,9	28,3	2,4	17,2	134
Klettur	21-039	Brimnir	19-055	91,1	96,6	105,4	97,7	16,7	10,6	7,0	28,2	2,3	17,4	135
Haki	22-045	Hnallur	20-029	94,8	108,9	84,7	96,1	16,9	10,1	5,9	27,1	2,4	17,3	132
Geisli	21-037	Bolur	18-286	100,5	88,7	94,7	94,6	17,5	10,1	6,6	28,2	2,6	17,3	135
Dynkur	22-043	Hvellur	21-038	96,7	98,0	87,6	94,1	17,1	10,1	6,4	27,3	2,4	17,3	138
Sjóður	22-047	Banki	21-034	108,6	90,6	64,5	87,9	18,4	9,8	6,2	26,2	2,6	17,2	134
Köggull	21-040	Svarti Gal	19-182	94,3	75,1	82,3	83,9	17,0	9,9	7,1	26,6	2,3	17,3	133
							Meðaltal:	17,5	10,3	6,5	28,1	2,4	17,4	134

Hnallur 20-029 sem jafnframt er elsti hrúturinn í þessum samanburði stendur nokkuð afgerandi efstur í heildareinkunn. Sýnir hann talsverða yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar en einkum er það þó góð útkoma í mati á lifandi lömbum sem tryggir honum toppsætið. Í samræmi við það á hann líka best gerða sláturlambahópinn. Hnallur er aðkeyptur frá Innra-Ósi en faðir hans var frá Broddanesi 1 en móðirin undan hrút sem fenginn var að Innra-Ósi frá Árbæ í Reykhólasveit. Hnallur var í fremstu röð í samanburði á hrútum hér bæði haustið 2021 og 2022. Bjartur 22-042 kemur vel út að öllu leyti en faðir hans er aðkeyptur hrútur frá Kambi í Reykhólasveit. Meitill 22-046 skilar einnig ljómandi niðurstöðum en faðir hans er aðkeyptur frá Stað í Steingrímsfirði.

Heydalsá, Tungusveit. (Ragnar og Sigríður)

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Fjallið	21-130	Pútín	18-138	98,9	123,3	138,6	120,3	18,8	11,4	6,1	32,3	3,6	18,0	135
Kaldi	22-004	Alfreð	20-117	97,4	121,1	133,4	117,3	18,6	11,8	6,4	32,5	3,9	18,2	136
Óskar	21-135	Glamor	20-125	109,2	105,0	134,3	116,1	20,0	11,7	6,9	32,7	3,8	18,0	135
Dróni	22-016	Nasi	18-263	95,6	117,4	125,0	112,7	18,3	12,1	6,7	32,2	3,8	18,1	142
Freiri	22-003	Alfreð	20-117	103,9	106,2	109,0	106,4	19,2	11,0	6,2	30,8	3,6	18,0	135
Hörður	20-124	Þristur	18-856	114,1	114,7	89,7	106,2	20,0	11,7	6,6	29,8	3,9	18,0	138
Búri	22-006	Júri	21-129	101,4	115,8	100,5	105,9	19,0	11,8	6,6	30,5	3,7	17,8	134
Múli	22-005	Fjallið	21-130	100,6	113,1	99,8	104,5	18,9	11,2	6,1	31,4	4,0	17,6	134
Hvalur	22-015	Surtur	21-227	95,9	112,4	101,3	103,2	18,3	12,2	7,0	31,0	4,0	17,8	137
Júri	21-129	Pútín	18-138	104,6	110,2	91,7	102,2	19,3	11,4	6,4	29,4	3,6	18,0	139
Brúnki	22-009	Móral	21-140	109,2	107,5	85,6	100,8	20,1	12,0	7,1	29,1	3,6	17,8	136
Beitír	21-066	Bjartur	18-054	105,5	91,3	105,0	100,6	19,4	11,5	7,3	31,2	4,2	18,0	136
Grásteinn	21-136	Glamor	20-125	95,1	92,0	113,6	100,2	18,2	10,4	6,3	31,6	3,5	17,6	133
Meistari	22-007	Ari	20-114	100,3	95,1	104,8	100,1	18,9	11,4	7,1	31,1	3,7	17,9	136
Óttar	21-350	Glamor	20-125	83,9	104,8	107,4	98,7	17,4	11,2	6,5	30,8	3,6	17,9	137
Hrollur	22-002	Alfreð	20-117	90,3	95,2	104,1	96,6	18,0	11,6	7,2	30,9	4,1	18,0	141
Jón Reynir	22-001	Hörður	20-124	101,6	82,1	104,6	96,1	19,0	11,3	7,5	30,9	4,0	17,9	135
Músjú	21-142	Breki	16-824	89,3	105,7	73,1	89,4	17,8	11,2	6,4	30,0	4,2	17,5	137
Grimur	22-008	Golbeinn	20-122	95,4	92,0	72,1	86,5	18,4	10,6	6,4	28,6	3,6	17,5	136
Golbeinn	20-122	Gólfat	17-131	105,5	82,4	66,6	84,9	19,4	11,5	7,7	29,1	3,8	17,5	138
Sorti	22-013	Þokki	17-853	105,1	71,5	57,5	78,0	19,5	10,6	7,6	28,4	4,1	17,5	139
Fiðringur	22-011	Kurdo	20-878	100,1	59,8	68,7	76,2	18,9	10,3	7,4	28,4	3,7	17,4	135
Þrumari	22-014	Móri	19-888	96,8	58,3	62,2	72,4	18,5	9,8	7,3	28,5	3,9	17,6	140
							Meðaltal:	18,9	11,3	6,8	30,7	3,8	17,8	137

Hér er að vanda gerð upp umfangsmikil afkvæmarannsókn. Efstur stendur Fjallið 21-130 og sýnir hann mikla yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatsniðurstöðum. Eins og

Afkvæmarannsóknir 2023

nafnið gefur til kynna er hér á ferð öflugur einstaklingur sem stigaður var upp í 90,5 stig sem lamb. Faðir hans Pútin 18-138 var sonarsonur Ebita 13-921 frá Melum 1. Næstur kemur veturgamall hrútur, Kaldi 22-004 sonarsonur Fennis 19-857 sem héðan var fenginn í þjónustu stöðvanna. Kaldi sýnir mikla yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatinu. Hann á þann gimbrahóp sem stigast best fyrir læri þetta haustið. Óskar 21-135 kemur sterkur út úr mati á lifandi lömbum og á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva. Fallþungi sláturlamba er 1,1 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Óskar er hyrndur sonarsonur Amors 17-831 frá Snartarstöðum en móðurfaðir hans Geymir 15-106 var frá Smáhömrum. Óskar stóð einnig ofarlega í afkvæmarannsókninni hér á síðasta ári. Dróni 22-016 skilar prýðilegri gerð sláturlamba og stendur þar næstefstur. Dæmdar gimbrar undan honum hafa einnig verið glæsilegar. Fallþungi sláturlamba er dálítið undir meðaltali rannsóknarinnar. Dróni er frá Árneshreppi. Hann er kollóttur en ættartréð er eitthvað kryddað með hyrndu fé, t.d. er Grábotna 06-833 þar að finna í báðum ættum. Allmargir aðrir hrútar í rannsókninni eru allrar athygli verðir en hér aðeins talir þeir fjórir sem efstir standa í heildareinkunn.

Smáhamrar, Tungusveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Júpíter	22-060	Safír	21-053	96,2	106,3	104,9	102,5	17,8	11,6	6,8	31,9	4,3	17,9	137,2
Satúrnius	22-061	Fannar	20-894	104,3	102,0	94,5	100,3	20,2	11	6	30,7	4,3	18,3	135,7
Neptúnus	22-063	Demantur	21-055	100,9	104,4	114,2	106,5	18,3	11,5	6,7	32,7	3,9	17,8	145,6
Merkúríus	22-058	Dindill	20-086	99,3	82,7	105,2	95,8	18,1	10,4	6,6	31,4	3,8	17,8	139,1
Úranus	22-062	Kostur	19-849	100,8	105,0	81,3	95,7	18,3	11,4	6,5	30,1	3,9	17,8	131,5
							Meðaltal:	18,2	11,2	6,7	31,4	4	17,9	138,9

Hér eru bornir saman afkvæmahópar fimm veturgamalla hrúta sem allri bera nöfn reikistjarna úr sólkerfi okkar. Það kemur ekki fram verulegur munur á þessum hrútum en efstur stendur Neptúnus 22-063. Dætur hans mælast með nokkuð afgerandi þykkastan bakvöðva. Þetta er svartbotnóttur hyrndur hrútur. Stöðvahrúta er ekki að sjá fyrir en kemur fram í þriðja ættlið þar sem finna má Sokka 07-835 frá Brúnastöðum.

Skálholtsvík, Hrutafirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Íslandus	22-058	Grettir	20-877	119,9	104,9	126,0	116,9	19,2	11,4	7,3	32,9	4,0	18,0	135
Íkorni	22-057	Sammi	16-841	103,4	106,8	118,1	109,4	17,5	11,0	6,9	30,7	3,1	17,9	138
Gnýr	20-033	Dagur	19-101	93,8	110,9	120,1	108,3	16,6	10,6	6,4	31,7	3,4	17,8	129
Ígull	22-063	Suddi	17-872	120,0	102,7	98,5	107,1	19,4	11,8	7,8	30,3	3,6	17,7	145
Hljómur	21-044	Viðar	17-844	94,3	125,9	87,7	102,7	16,7	10,8	6,1	28,9	2,9	17,6	130
Ísar	22-055	Glitnir	19-848	100,8	94,8	110,1	101,9	17,2	10,6	7,0	30,7	3,3	17,9	142
Ímnir	22-056	Viðar	17-844	110,9	92,7	93,6	99,1	18,2	11,2	7,7	29,1	3,0	17,6	142
Íkon	22-060	Dalur	17-870	109,0	96,6	90,1	98,6	17,8	10,0	6,2	29,6	3,1	17,4	136
Heiður	21-047	Grani	20-031	95,3	108,9	74,1	92,8	16,7	10,2	6,1	28,1	3,0	17,5	130
Illingur	22-062	Hnokki	19-874	102,6	88,1	85,3	92,0	17,4	10,7	7,3	29,8	4,0	17,7	143
Hlekkur	21-042	Garpur	16-838	90,8	87,4	94,2	90,8	16,4	9,3	5,9	29,4	2,9	17,4	130
Hreðjar	21-041	Dólgur	14-836	80,1	80,4	105,6	88,7	15,6	8,9	5,8	30,4	3,2	17,6	130
							Meðaltal:	17,1	10,3	6,5	30,1	3,3	17,7	134

Íslandus 22-058 sonur Grettis 20-877 frá Ytri-Skógum stendur hér efstur í heildareinkunn. Yfirburði sína sækir hann í mat á lifandi lömbum þar sem dætur hans mælast með afgerandi

Afkvæmarannsóknir 2023

þykkri bakvöðva en aðrir gimbrahópar. Sláturlömbin skara einnig fram úr fyrir vænleika og eru fallþungi þeirra 2,1 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Íslandus er móflekktur en að baki móður hans í annan ættlið standa þeir Gumi 09-880 frá Borgarfelli og Grámann 10-884 frá Bergsstöðum á Vatnsnesi. Íkorni 22-057 sonur Samma 16-841 frá Þóroddsstöðum skilar hér góðu í öllum þáttum rannsóknarinnar. Móðurföðurfaðir hans er Saumur 12-915 frá Ytri-Skógum. Gnýr 20-033 á þann gimbrahóp sem mælist með næstþykkastan bakvöðva en fallþungi sláturlamba er 0,5 kg undir meðaltali. Þessi hrútur er aðkeyptur frá Hnappavöllum 7 í Öræfum, sonarsonur Drjúgs 17-808 frá Hesti. Ígull 22-063 sonur Sudda 17-872 frá Skarðaborg á sláturlambahóp sem er 2,3 kg þyngri en meðaldilkurinn í þessum samanburði. Þetta er jafnframt best gerði sláturlambahópurinn en einnig sá feitasti. Að baki honum móðurmegin standa þeir Burkni 13-951 frá Mýrum og Snævar 10-875 frá Hesti í öðrum ættlið.

Guðlaugsvík, Hrótafirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Groddi	21-141	Viðar	17-844	112,1	132,9	136,7	127,2	18,6	11,8	7,0	31,9	3,7	17,5	138
Lalli	20-134	Glæpon	17-809	98,3	113,8	105,0	105,7	17,5	10,6	6,7	29,3	3,4	17,4	140
Samson Magg	22-104	Kapall	16-869	95,2	92,5	123,3	103,7	17,2	9,3	6,3	30,6	3,6	17,4	137
Hervar	22-102	Mórall	21-140	105,3	98,5	89,2	97,7	18,0	10,4	7,0	28,4	3,6	17,3	144
	22-112	Glámur	16-825	89,8	110,3	91,1	97,1	16,7	9,7	6,1	27,8	2,9	17,0	138
	22-107	Rammi	18-834	106,2	96,2	87,2	96,5	18,2	10,0	6,7	28,1	3,7	17,3	140
	22-109	Sokkur	17-871	92,3	104,0	86,3	94,2	17,0	9,1	5,8	27,4	2,9	17,2	142
	22-110	Lómi	15-867	97,2	76,8	96,2	90,1	17,4	9,3	6,8	29,1	3,6	17,2	137
	22-108	Sammi	16-841	101,7	78,0	77,7	85,8	17,8	9,7	7,1	27,6	3,8	17,3	138
							Meðaltal:	17,6	10,0	6,6	29,1	3,5	17,3	140

Hér verja tveir eldri hrútar toppsætin fyrir veturgömlu hrútunum. Langefstur í heildina stendur Groddi 21-141 sonur Viðars 17-844 frá Bergsstöðum. Groddi sýnir mikla yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Groddi er aðkeyptur frá Bæ 2 og er dóttursonur Mávs 15-990 frá Mávahlið. Lalli 20-134 sonur Glæpons 17-809 frá Hesti skilar hér hagstæðum kjötmatsniðurstöðum og gimbrahóp í betri kantinum. Lalli er aðkeyptur frá Litla-Hofi í Öræfum og dóttursonur Burkna 13-951 frá Mýrum 2.

Kollsa, Hrótafirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Gutti	22-207	Gauti	21-245	104,0	124,1	143,0	123,7	18,2	10,7	6,8	31,6	3,1	17,8	128
Barði	22-204	Breddi	19-224	101,9	120,8	133,0	118,6	18,0	10,6	6,9	31,2	3,0	17,7	133
Glæðir	22-201	Glæsir	19-887	110,4	96,4	103,6	103,5	18,6	10,5	7,7	29,7	3,6	17,9	136
Gauti	21-245	Gaukur	20-234	96,2	109,5	103,9	103,2	17,5	10,1	6,8	29,0	3,2	17,8	134
Breddi	19-224	Bralli	17-205	96,1	118,2	85,0	99,8	17,5	10,1	6,5	27,8	2,9	17,4	130
Neisti	21-244	Nói	20-232	97,3	104,6	95,2	99,0	17,6	10,1	7,0	29,6	3,7	17,4	130
Glanni	22-202	Spói	21-319	101,2	113,5	81,9	98,9	17,9	10,3	6,9	28,5	4,0	17,7	134
Narfi	20-236	Stapi	18-209	97,1	91,5	95,4	94,7	17,6	10,2	7,6	29,4	3,3	17,3	135
Galdur	20-237	Ebbi	19-221	91,2	76,3	105,3	90,9	17,1	9,5	7,4	30,4	3,7	17,7	130
Ebbi	19-221	Ebiti	13-971	109,3	85,6	77,0	90,7	18,6	10,0	7,6	29,3	4,0	17,2	131
Þorri	20-228	Olli	16-261	101,7	83,4	83,8	89,7	17,9	9,7	7,4	29,4	4,0	17,4	125
Blettur	22-206	Kalli	20-893	97,0	82,1	88,6	89,2	17,5	9,3	7,1	29,2	3,5	17,2	134
							Meðaltal:	17,8	10,1	7,2	29,6	3,5	17,5	132

Tveir veturgamlir hrútar standa hér afgerandi efstir. Gutti 22-207 kemur sterkastur út úr bæði mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum. Fallþungi sláturlamba er jafnframt vel yfir

Afkvæmarannsóknir 2023

meðaltali. Að baki Gutta í föðurætt má sjá þá Fálka 17-821 og Brúsa 12-970 en móðurfaðir hans er Hnallur 12-934 frá Broddanesi. Barði kemur á hæla Gutta með ljómandi niðurstöður bæði fyrir lifandi lömb og sláturlömb. Breddi 19-224 faðir hans stóð efstur í afkvæmarannsókn hér haustið 2020 og er hann sonarsonur Ebita 13-971. Móðurmegin hjá Barða standa þeir Molli 13-981 frá Heydalsá og Roði 10-897 frá Melum í öðrum ættlið.

Laxárdalur, Hrutafirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Valur	22-352	Fálki	17-821	100,8	117,5	115,0	111,1	18,3	11,7	7,4	34,1	2,7	18,0	136
Böllur	21-390	Völlur	18-835	101,6	114,9	110,6	109,0	18,3	11,4	7,4	33,1	2,3	17,8	131
Álfur	21-387	Heimaklet	16-826	104,1	105,5	108,5	106,0	18,5	11,2	7,5	33,9	3,0	17,9	141
Smyrill	21-389	Fálki	17-821	105,7	108,6	102,5	105,6	18,6	11,2	7,3	32,8	2,6	17,9	137
Bóndi	21-385	Búi	15-822	91,3	106,0	115,8	104,4	17,5	10,0	6,4	33,6	2,4	17,8	137
Nelson	20-370	Mjólnir	16-828	98,4	115,6	90,7	101,6	18,0	10,7	6,6	32,2	2,6	17,7	137
Prins	20-374	Viddi	16-820	105,1	99,0	94,4	99,5	18,6	10,3	6,8	31,9	2,2	17,8	135
Frosti	21-386	Kostur	19-849	95,6	98,9	101,4	98,7	17,8	10,3	6,9	33,0	2,7	17,8	136
Vörður	21-383	Svörður	18-854	103,8	79,7	100,4	94,6	18,5	10,1	7,3	33,1	2,8	17,8	138
Glampi	22-353	Glitnir	19-848	99,1	77,7	104,8	93,8	18,1	10,0	7,4	33,6	2,7	17,7	141
Tenór	21-384	Tönn	18-855	99,5	86,8	88,8	91,7	18,1	10,4	7,3	31,9	2,5	17,7	137
Salomon	22-363	Svartur	17-873	93,5	85,5	91,4	90,1	17,6	10,1	7,2	32,4	2,2	17,4	141
Jarl	22-365	Prins	20-374	97,3	85,6	73,8	85,6	18,0	10,2	7,2	31,7	3,1	17,6	138
Meðaltal:								18,2	10,6	7,1	32,9	2,6	17,8	137

Hér stendur efstur Valur 22-352 sonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum. Á hann þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva og stigast best fyrir læri. Jafnframt er þetta best gerði sláturlambahópurinn. Móðurfaðir Vals er Reykur 14-812 frá Árbæ. Böllur 21-390 skilar ljómandi góðum niðurstöðum að öllu leyti en þessi hrútur er sonur Vallar 18-835 frá Snartarstöðum. Móðurföðurfaðir er Tjaldur 11-922 frá Sandfellshaga 2. Álfur 21-367 sonur Heimakletts 16-826 frá Hriflu skilar hér góðu og sama má segja um Smyril 21-389 sem er sonur Fálka 17-821.

Bálkastaðir, Hrutafirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Nesgeir	22-071	Galli	20-875	91,6	124,0	128,0	114,5	18,1	11,1	6,8	34,6	3,4	17,6	143
Geysir	21-077	Rammi	18-834	92,5	101,5	133,6	109,2	18,2	10,5	7,0	34,5	3,0	17,3	137
Páll	22-079		19-082	118,2	99,9	103,6	107,2	20,2	11,6	8,1	33,9	3,9	17,4	148
Grási	22-072	Kapall	16-869	100,5	107,7	112,4	106,9	18,8	11,1	7,4	33,8	3,1	17,1	143
Pækill	22-073	Salti	21-081	106,4	88,9	95,4	96,9	19,3	10,8	7,8	31,8	3,3	17,6	143
Drumbur	22-074	Bjálki	20-078	97,5	112,9	77,1	95,8	18,5	10,5	6,5	31,5	3,4	17,0	149
Andri	19-072	Dracula	17-011	100,0	87,3	77,8	88,4	18,8	10,2	7,3	32,2	3,7	17,1	149
Skrattakollur	21-075		19-082	90,7	76,4	81,6	82,9	18,0	9,5	6,9	31,0	3,1	17,3	146
Meðaltal:								18,8	10,7	7,3	32,8	3,3	17,3	145

Nesgeir 22-071 sonur Galla 20-875 frá Hesti stendur hér efstur. Hann sýnir mikla yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum en fallþungi sláturlamba er 0,7 kg undir meðaltali. Þessi hrútur er aðkeyptur frá Efri-Fitjum og móðir hans dóttir Dreka 13-953 frá Hriflu. Næstur honum í heildareinkunn kemur Geysir 21-0777 sonur Ramma 18-834 frá Hesti. Hann sýnir mikla yfirburði í mati á lifandi lömbum en skarar alls ekki fram úr að öðru leyti. Þessi

hrútur er fallinn en móðurföðurfaðir hans var Guðni 09-902 frá Mýrum 2. Páll 22-079 á hér vænsta og best gerða sláturlambahópinn en jafnframt þann feitasta. Þessi hrútur er heimaalinn en í ættartré hans í þriðja lið má sjá þá Berg 13-961, Kjark 08-840 og Laufa 08-848.

Hrútatunga, Hrútafirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kobbi	22-131	Dalton	19-115	97,7	132,2	129,3	119,7	17,2	9,9	5,8	28,5	2,7	17,2	140
	21-134	Rammi	18-834	92,0	114,0	123,6	109,9	16,8	9,6	6,1	29,5	3,4	17,1	139
Draugur	22-140	Demantur	20-014	114,1	107,8	91,0	104,3	18,8	9,4	6,3	27,4	3,4	16,9	137
	22-133	Dolli	19-864	101,2	77,4	86,8	88,4	17,5	9,3	7,2	27,3	3,6	17,1	138
	22-134		19-134	98,9	75,3	75,8	83,4	17,3	9,0	6,9	26,1	3,4	17,1	138
Meðaltal:								17,4	9,4	6,5	27,6	3,3	17,1	138

Kobbi 22-131 stendur hér afgerandi efstur í heildareinkunn. Þessi hrútur var fenginn frá Urriðaá og hefur væntanlega verið felldur í tengslum við riðuniðurskurðinn þar á bæ vorið 2023. Hann var dóttursonur Baldurs 19-886 frá Urriðaá. Hrútur númer 21-134 sonur Ramma 18-834 á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva og koma jafnframt nokkuð vel út úr kjötmatshlutanum í þessum samanburði. Þessi hrútur er aðkeyptur frá Bálkastöðum og tvílembingur á móti Geysi sem getið er um í texta um afkvæmarannsóknina þar.

Þóroddsstaðir, Hrútafirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Fingur	19-054	Putti	18-053	101,0	120,3	119,9	113,7	18,2	10,9	6,3	30,8	3,1	17,7	140
	20-052	Rammi	18-834	105,0	103,1	127,9	112,0	18,5	10,8	6,8	31,5	3,1	17,4	143
Kostur	22-051	Galli	20-875	108,9	112,5	104,5	108,7	18,8	11,5	7,1	29,3	2,8	17,4	143
Friður	22-054	Fingur	19-054	94,6	112,2	117,4	108,1	17,7	11,1	6,7	29,2	2,3	17,3	136
	21-057		20-058	106,2	98,7	109,9	105,0	18,6	10,5	6,6	30,6	3,2	17,8	140
Askur	22-053	Fingur	19-054	98,6	118,2	92,7	103,2	18,1	10,9	6,3	28,8	2,7	17,2	137
Einsi	22-058		21-058	86,4	90,8	97,3	91,5	16,9	9,7	6,1	28,9	2,7	17,4	138
Rammi	19-052	Sammi	16-841	98,1	82,0	86,7	88,9	18,0	9,9	6,8	29,1	2,7	16,8	141
	20-053	Sammi	16-841	95,9	79,7	67,2	80,9	17,7	9,6	6,5	27,9	3,0	16,8	141
Glói	22-052	Fingur	19-054	98,4	58,2	75,1	77,3	18,0	9,2	6,9	28,5	3,3	17,4	144
Meðaltal:								18,2	10,6	6,6	29,4	2,8	17,3	140

Fingur 19-054 stendur efstur en allt frá haustinu 2020 hefur hann verið einn af öflugustu hrútum búans og árlega staðið ofarlega í afkvæmarannsóknnum. Fallþungi dilka er í meðallagi en kjötmat mjög hagstætt. Fingur er nú fallinn en hann var sonarsonur Gutta 13-954 sem héðan kom á stöð á sínum tíma og dóttursonur Guma 09-880 frá Borgarfelli. Hrútur númer 20-052 er sonur Ramma 18-834 og eins og svo margir Rammasonir skilar hann afgerandi þykkum bakvöðva til afkvæma sinna. Hann hefur verið í þriðja sæti í afkvæmarannsóknnum hér bæði haustin 2021 og 2022. Að baki móður hans í annan ættlið stand þeir Kjarkur 08-840 frá Ytri-Skógum og Gaur 09-879 frá Bergstöðum. Kostur 22-051 er sonur Galla 20-875 frá Hesti. Hann er að skila best gerða sláturlambahópnum en jafnframt þeim feitasta. Að baki móður hans sem fædd er 2018 standa ekki stöðvahrútar í næstu ættliðum en hún hefur skilað mjög góðum afurðum. Friður 22-054 sonur Fingurs sem fyrr er nefndur er einnig að skila mjög góðri gerð sláturlamba og afkvæmi hans eru fituminni ern afkvæmi Kosta. Móðir Friðar er dóttir Samma 16-841 sem héðan var tekinn í þjónustu stöðvanna.

Mýrar 2, Hrutafirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Valentínus	20-131	Amor	17-831	106,2	112,3	132,8	117,1	20,7	12,4	7,6	32,6	3,8	18,1
Viður	19-164	Stofn	17-667	106,6	117,3	116,9	113,6	20,8	12,6	7,6	31,3	3,4	18,0
Ruddi	22-133	Suddi	17-872	105,0	108,5	125,0	112,9	20,7	12,3	7,6	31,7	3,4	18,2
Sómi	22-223	Lómi	15-867	115,9	98,8	120,5	111,7	21,8	12,3	7,8	32,1	3,8	18,0
Haffi	18-167	Nelson	17-131	96,6	118,4	114,1	109,7	20,0	12,2	7,3	31,3	3,5	17,9
Lundur	22-167	Grettir	20-877	107,1	97,2	122,6	109,0	20,9	12,2	7,9	31,4	3,3	18,1
Þorri	22-164	Þormóður	20-168	99,8	92,6	123,4	105,3	20,3	12,0	8,0	32,0	3,5	18,1
Samson	21-162	Sammi	16-841	97,7	105,7	111,7	105,1	20,1	12,3	7,9	31,4	3,7	18,2
Mási	21-133	Mási	18-160	113,8	95,6	104,0	104,5	21,7	12,3	7,9	31,3	3,9	18,2
Skuddi	22-163	Suddi	17-872	101,4	117,4	91,7	103,5	20,4	12,3	7,4	31,3	4,3	17,9
Akur	22-168	Völlur	18-835	81,4	117,8	111,3	103,5	19,1	11,9	7,2	30,6	3,2	17,9
Þormóður	20-168	Rammi	18-834	120,8	106,5	80,9	102,7	21,8	12,6	8,2	30,6	4,2	17,9
Samúel	21-164	Sammi	16-841	97,6	101,5	94,3	97,8	20,1	12,4	8,1	30,4	3,6	17,8
Torfi	21-223	Hnaus	20-890	104,2	103,2	83,0	96,8	20,6	12,4	7,9	29,7	3,7	17,8
Arion	21-132	Glítnir	19-848	90,2	106,8	89,4	95,5	19,3	12,3	7,8	29,7	3,5	17,7
Sæberg	20-169	Rammi	18-834	89,8	98,3	96,2	94,8	19,6	11,7	7,6	31,3	4,3	18,0
Steini	21-163	Steinn	19-133	88,7	105,0	86,8	93,5	19,2	11,8	7,4	30,1	3,9	17,8
Clinton	21-165	Nixon	20-221	86,0	95,7	98,7	93,5	19,3	11,3	7,3	30,3	3,4	18,1
Kaðall	22-165	Kapall	16-869	94,8	100,2	84,9	93,3	19,8	11,8	7,5	29,5	3,6	17,7
Diddi	21-135	Viddi	16-820	89,4	93,8	92,2	91,8	18,9	10,8	7,1	30,5	4,2	17,9
Dúi	21-222	Búi	15-822	104,1	90,2	73,8	89,4	20,6	11,5	7,5	29,9	4,0	17,8
Arnar	20-167	Stapi	16-829	106,9	68,0	92,0	89,0	20,8	12,0	8,5	31,4	4,3	17,7
Móði	22-224	Þormóður	20-168	94,7	98,9	64,5	86,0	19,9	12,2	8,0	28,6	3,7	17,5
Tuddi	22-134	Suddi	17-872	100,8	81,2	52,1	78,0	20,4	11,5	7,9	28,2	4,1	17,6
							Meðaltal:	20,3	12,0	7,7	30,8	3,7	17,9

Valentínus 20-131 stendur efstur í heildareinkunn og sýnir yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Mest sækir hann þó í mat á lifandi lömbum enda standa dætur hans nokkuð upp úr öðrum hópum í þykkt bakvöðva. Valentínus er sonur Amors 17-831 frá Snartarstöðum en móðir hans er dóttir Salamons 10-906 frá Gröf. Valentínus var í 4. sæti í heildina í afkvæmarannsókn hér haustið 2022. Viður 19-164 skipar annað sætið í heildareinkunn líkt og hann gerði haustið 2022. Hann skilar hér góðum yfirburðum í öllum þáttum rannsóknarinnar og á best gerða sláturlambahópinn, ásamt Þormóði 20-168 synir Ramma 18-834. Viður er sonarsonur Barkar 13-952 frá Efri-Fitjum og að baki móður hans standa í öðrum ættlið þeir Gaur 09-879 frá Bergsstöðum á Vatnsnesi og Grábotni 06-833. Þá kemur veturgamall hrútur 22-133 sem Ruddi heitir. Hann er sonur Sudda 17-872 frá Skarðaborg. Afkvæmi Rudda skila honum yfirburðum í öllum þáttum rannsóknarinnar en þó sérstaklega í mati á lifandi lömbum og hefur gimbrahópurinn undan honum verið glæsilegur. Móðir Rudda er sonardóttir Krafts 11-947 frá Hagalandi. Þá kemur annar veturgamall hrútur, Sómi 22-223 sonur Lóma 15-867 frá Svínafelli. Hann á einn þyngsta sláturlambahópinn og dætur hans hafa komið vel út úr ómmælingum og dómum. Móðir hans er dóttir Unaðsbolta 14-144 frá Syðri-Urriðaá sem var sonarsonur Laufa 08-848. Næstur kemur fullorðinn hrútur, Haffi 18-167 sem hefur áður staðið sig vel í samanburði hér en hann er sonarsonur Mjólnis 16-828 frá Efri-Fitjum og dóttursonur Dreka 13-953 frá Hriflu. Að síðustu skal nefna Lund 22-167 sem er sonur Grettis 20-877 frá Ytri-Skógum sem á þarna flottan gimbrahóp og skilar sláturlömbum sem eru 0,6 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar í fallþunga. Móðir hans er dóttir Haffa 18-167 sem nefndur er hér að ofan.

Finnmörk, Fitjárdal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Hringur	22-371	Demantur	20-014	100,3	105,8	134,1	113,4	17,7	9,9	6,3	33,1	2,7	17,6	146
Fróði	22-375	Rammi	18-834	93,8	112,8	128,6	111,7	16,9	10,6	6,6	32,7	2,8	17,7	152
Broddur	19-376	Smári	17-089	102,7	121,2	102,1	108,7	17,9	10,8	6,6	31,6	3,1	17,5	153
Loki	22-380	Dolli	19-864	105,0	104,6	106,0	105,2	18,1	10,6	7,0	32,1	3,3	17,6	147
Freyr	22-373	Glitnir	19-848	96,3	99,3	112,4	102,6	17,4	10,1	6,8	32,1	2,9	17,5	150
Týr	22-344	Glitnir	19-848	106,9	97,6	96,2	100,3	18,2	10,2	6,9	31,1	2,7	17,4	151
Dalton	19-115	Dracula	17-011	99,4	103,0	92,6	98,4	17,6	10,1	6,6	31,2	3,0	17,4	152
Rover	21-371	Smári	20-034	89,9	96,5	102,1	96,2	16,9	9,4	6,1	32,2	3,3	17,6	156
Lopi	22-372	Hreinn	19-373	100,7	103,3	83,9	96,0	17,8	9,7	6,1	29,8	2,2	17,1	147
Æsir	22-378	Völlur	18-835	99,4	89,0	95,5	94,6	17,6	9,9	7,0	31,2	2,9	17,6	148
Svampur	18-370	Beitir	15-076	108,5	93,5	73,7	91,9	18,3	10,0	6,8	30,0	2,9	17,1	149
Viðar	19-130	Stofn	17-667	97,0	81,0	94,5	90,8	17,5	9,5	6,8	31,3	3,0	17,3	147
Bliki	22-370	Hreinn	21-290	96,8	102,6	71,1	90,2	17,4	10,2	6,7	29,2	2,6	17,3	152
Meðaltal:								17,7	10,0	6,6	31,4	2,9	17,4	150

Hringur 22-371 stendur hér efstur í heildina en yfirburðina sækir að að mestu leyti í mat á lifandi lömbum. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva og fita er fremur lítil bæði á lifandi lömbum og sláturlömbum. Hringur, sem er fallinn, var fengin frá Syðri-Urriðaá en þeir Dreki 13-953 frá Hriflu og Börkur 13-952 frá Efri-Fitjum standa að baki honum í þriðja ættlið. Fróði 22-375 undan Ramma 18-834 frá Hesti er einnig að skila miklum yfirburðum í mati á lifandi lömbum en sláturlömb undan honum flokkast umtalsvert betur gagnvart gerð en afkvæmi Hrings þó þau séu 0,8 kg léttari. Móðir Fróða er sonardóttir Prúðs 11-896 frá Ytri-Skógum. Broddur 19-376 er sá hrútur sem skilar best gerða sláturlambahópnum en hann er aðkeyptur frá Broddanesi.

Ás, Vatnsdal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Jókerinn N138	22-056	Þrissi	21-060	100,8	122,8	117,1	113,6	17,2	10,8	6,6	29,7	2,4	17,7	141
Sterkur Grettiss	22-055	Grettir	20-877	104,2	108,1	110,0	107,4	17,4	9,8	6,2	29,6	2,3	17,4	136
Glettu Móri	22-050	Grettir	20-877	94,8	77,2	120,8	97,6	16,6	8,0	5,8	30,3	2,1	17,4	131
Þorri Þokkason	22-057	Þokki	17-853	104,2	102,3	80,8	95,8	17,4	10,1	6,7	27,6	2,6	17,3	136
Refur	20-051	Reyr	19-056	94,6	88,4	70,5	84,5	16,6	9,0	6,3	26,4	2,8	17,8	130
Meðaltal:								17,1	9,6	6,3	28,7	2,5	17,5	135

Hér stendur Jókerinn 22-056 efstur í heildina með talsverða yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og sláturlömbum. Sláturlambahópur hans er lang öflugastur hvað gerðina varðar. Faðir hans er sonur Þrists 18-856 frá Stað en móðir hans dóttir Plútós 14-973 frá Heydalsá.

Sunnuhlíð, Vatnsdal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Moli	20-344	Völlur	18-835	102,4	116,9	125,4	114,9	15,7	8,9	5,3	29,5	2,5	17,1	133
Goði	21-246	Skafi	18-244	102,8	104,2	107,0	104,7	15,8	8,9	5,7	29,1	3,0	16,9	137
Brimill	21-240	Kópur	19-241	102,2	94,6	103,3	100,0	15,8	9,2	6,3	27,9	3,0	17,4	138
Lundi	22-244	Einar	20-341	93,1	100,9	104,9	99,6	14,7	8,5	5,4	28,5	2,6	16,7	135
Kóngur	22-243	Vaskur	20-348	101,9	98,6	95,3	98,6	15,8	8,6	5,6	27,8	2,8	16,9	136
Fjalldrapi	22-254	Viðir	18-250	97,9	99,7	92,5	96,7	15,3	8,6	5,5	27,2	2,6	17,0	135
Hrói	22-245	Nökkvi	20-347	92,9	99,2	86,9	93,0	14,8	8,4	5,3	25,9	2,1	16,6	135
Vaskur	20-348	Gibbi	19-248	101,8	81,1	89,8	90,9	15,7	8,4	6,0	28,7	3,5	17,0	132
Meðaltal:								15,5	8,7	5,6	28,2	2,9	16,9	134

Hér stendur efstur og skarar talsvert fram úr öðrum hrútum, Moli 20-344 sonur Vallar 18-835 frá Snartarstöðum. Móðurfaðir hans er Saumur 12-915 frá Ytri-Skógum. Moli stóð einnig efstur hér í afkvæmarannsókn haustið 2021.

Ytra-Vallholt, Seyluhreppi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
144	22-488	vv 872	21-491	99,0	154,8	104,2	119,4	17,8	12,1	6,7	30,3	3,5	17,8	164
vv 84	21-488	771vv	20-493	94,6	118,4	133,1	115,4	17,4	10,7	6,8	31,5	3,3	17,7	151
26	22-489	979vv	20-491	98,9	109,5	122,4	110,3	17,8	10,9	7,3	31,4	3,3	17,6	150
939	22-490	vv 84	21-488	96,7	111,4	103,7	103,9	17,6	11,2	7,4	31,0	3,8	17,5	159
992vv	20-488	77vv	19-493	108,7	98,2	104,8	103,9	18,4	10,7	7,4	29,8	2,9	17,6	152
vv 872	21-491	vv55	18-490	96,9	109,0	94,3	100,1	17,6	11,0	7,4	29,4	3,2	17,6	154
979vv	20-491	768vv	19-488	98,4	100,5	78,4	92,5	17,7	10,2	6,9	28,6	3,7	17,6	145
vv 857	21-492	vv55	18-490	99,2	88,5	89,2	92,3	17,8	9,7	6,8	29,7	3,4	17,3	145
526	22-487	vv 84	21-488	96,1	81,8	96,7	91,5	17,6	9,9	7,2	30,4	3,6	17,5	147
194	22-491	vv 872	21-491	96,4	80,6	94,7	90,6	17,6	10,1	7,5	29,6	3,1	17,3	146
vv 859	21-489	vv55	18-490	109,7	85,5	75,1	90,1	18,6	10,6	7,8	29,4	3,9	17,5	147
vv 87	21-486	768vv	19-488	103,9	85,7	75,4	88,3	18,1	9,7	6,8	29,5	4,2	17,6	140
Meðaltal:								17,8	10,5	7,2	30,3	3,5	17,6	149

Efstur stendur 22-488 og sýnir hann mjög mikila yfirburði í kjötmatshlutanum þar sem saman fer frábær gerð og fremur lítil fita. Hann á ættir að rekja í heimaféð en í ættartrénu má þó finna þá Fáfni 16-995 frá Mýrum 2 og Hæng 10-903 frá Geirmundarstöðum. Þess má geta að þessi hrútur er arfhreinn gagnvart H154. 21-488 er sá hrútur sem kemur sterkastur út úr mati á lifandi lömbum, bæði gagnvart bakvöðvabykkt og lærastigum. Þessi hrútur er einnig arfhreinn gagnvart H154. Loks má nefna 22-489 sem skilar hagfelldum niðurstöðum að öllu leyti. Þessi hrútur er dauður en var einnig arfhreinn gangvart H154. Í Ytra-Vallholti hefur á síðustu árum verið lögð mikil áhersla á að velja til ásetnings lömb með riðupólur arfgerðir.

Ríp, Hegranesi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kantur	22-249	Kambur	20-245	101,9	127,1	119,4	116,1	20,2	11,7	8,0	35,7	3,7	18,5	160
Forsetinn	19-243	Guðni	17-814	110,6	113,2	109,0	111,0	20,7	11,7	8,6	34,6	3,3	18,1	160
Ford	21-250	Forsetinn	19-243	89,8	105,1	128,3	107,7	18,7	10,8	7,9	36,4	3,7	18,7	163
Valur	21-244	Fálki	17-821	113,7	100,0	106,4	106,7	21,0	10,9	8,4	35,1	3,7	18,3	158
Sómi	22-241	Gimli	20-876	98,1	96,1	113,7	102,6	19,8	10,4	7,9	34,9	3,1	18,1	158
Svartur	22-253			91,2	101,5	105,5	99,4	19,2	10,5	7,8	35,3	3,5	17,9	159
Brimir	22-250	Bósi	21-241	107,7	89,8	96,6	98,0	21,0	10,8	8,8	35,0	4,2	18,4	161
Arnar	22-248	Valur	21-244	108,4	99,5	73,5	93,8	20,8	11,0	8,4	33,2	3,9	18,2	158
Galdur	22-242	Glítnir	19-848	101,5	94,8	83,5	93,3	20,1	10,4	8,0	33,0	3,6	18,3	160
Bliki	22-243	Valur	21-244	95,8	92,2	91,0	93,0	19,6	10,6	8,3	34,3	3,6	18,1	160
laglaus	22-244	Tónn	18-855	100,6	98,8	76,3	91,9	20,1	11,0	8,4	33,6	3,8	17,8	159
Frískur	22-247	Falco	21-243	78,8	82,1	88,1	83,0	18,5	9,7	7,7	33,8	3,7	18,2	146
							Meðaltal:	20,0	10,8	8,2	34,6	3,6	18,2	157

Hér vermir toppsætið veturgamall hrútur, Kantur 22-249 með glæsilegar niðurstöður bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum. Þessi hrútur er fallinn í valinn en hann var sonarsonur Forsetans 19-243 sem kemur hér næstur í röðinni. Forsetinn 19-243 er sonur Guðna 17814 frá Miðdalsgröf. Allt frá haustinu 2020 hefur þessi hrútur tekið þátt í afkvæmarannsóknum hér og ávallt verið meðal þeirra bestu og í seinni tíð synir hans með honum. Í ár synir hann góða yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Forsetinn er nú allur en skilur sjálfsagt eftir sig öflugan afkomendur í hjörðinni. Næstur kemur Ford 21-250 sonur Forsetans en hann var einnig sá þriðji í röðinni haustið 2022. Nú á hann þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva en fallþungi sláturlamba er 1,3 kg undir meðaltali. Gerðin liggur jafnframt lægra en hjá fyrrnefndum hrútum. Ford hefur einnig lokið störfum á búinu og hér um slóðir er ekki ólíklegt að arfgerð gagnvart riðupoli hafa meiri áhrif á lífslíkur hrúta en niðurstöður afkvæmarannsóknna.

Brúnastaðir, Fljótum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Otur	20-030	Fálki	17-821	115,9	124,0	130,3	123,4	18,3	10,9	7,1	32,4	3,0	17,9	135
Jökulhattur	22-022	Hamur	19-865	103,3	109,6	136,4	116,4	17,3	10,2	6,9	32,5	3,2	17,9	142
Gæi	22-029	Gimli	20-876	104,9	107,0	127,9	113,3	17,3	10,6	7,5	32,3	3,0	17,8	139
Boli	21-024	Svörður	18-854	120,3	114,2	94,7	109,7	18,5	10,3	6,8	29,6	2,5	17,1	145
Blakkur	22-031	Grettir	20-877	107,7	92,6	118,5	106,3	17,5	9,3	6,8	31,3	2,7	17,4	142
Jakki	22-027	Galli	20-875	93,3	108,8	96,5	99,6	16,2	9,4	6,3	29,9	3,1	17,5	142
Sjarmi	21-020	Þokki	17-853	103,0	102,9	90,9	98,9	17,1	9,9	7,0	30,0	3,0	17,2	143
Manni	21-033	Massi	20-031	100,7	103,0	91,4	98,4	16,9	10,4	7,5	30,0	3,4	17,5	144
Kassi	22-026	Massi	20-031	101,6	98,3	94,9	98,3	17,0	10,1	7,3	30,4	3,6	17,8	141
Kjartan	22-033	Kurdo	20-878	98,5	86,2	109,1	97,9	16,6	9,1	7,1	31,6	3,7	17,7	135
Trappi	22-041	Tappi	21-026	105,5	96,9	91,1	97,8	17,5	9,7	7,1	30,6	3,9	17,6	139
Gellir	21-021	Kappi	16-839	88,6	84,1	120,1	97,6	15,8	8,9	6,8	32,5	3,6	17,8	145
Frakki	22-028	Galli	20-875	102,0	93,6	94,4	96,7	17,0	10,1	7,6	30,7	3,3	17,3	139
Makki	21-025	Svörður	18-854	85,9	112,3	91,3	96,5	15,6	9,0	5,9	30,0	3,2	17,4	145
Þokki	22-034	Sjarmi	21-020	108,6	95,7	80,9	95,1	17,7	9,9	7,2	30,1	3,6	17,4	139
Glámur	22-035	Geiri	20-025	103,1	80,4	92,5	92,0	17,2	9,1	7,2	30,4	3,1	17,3	138
Bátur	19-031	Bolur	17-032	102,8	90,4	80,1	91,1	17,1	9,2	6,8	29,4	3,2	17,4	142
Partur	21-030	Geiri	20-025	84,4	98,9	89,1	90,8	15,7	9,4	6,7	30,2	3,3	17,4	131
Köngull	21-022	Börkur	17-842	93,3	91,5	84,2	89,7	16,2	9,4	7,0	30,5	3,9	17,5	143
Kubbur	18-024	Ebiti	13-971	84,7	97,9	72,6	85,1	15,6	9,1	6,4	29,0	3,4	17,2	143
							Meðaltal:	16,8	9,7	6,9	30,7	3,3	17,5	141

Afkvæmarannsóknir 2023

Hér er að vanda ein af stærri afkvæmarannsóknnum í landinu. Otur 20-030 sonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum stendur efstur í heildina og sýnir mikla yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Haustið 2022 var hann í þriðja sæti í heildina í afkvæmarannsókn hér. Otur skilaði sér ekki úr sumarhögum í haust. Jökulhatur 22-022 sonur Hams 19-865 frá Heydalsá 2 kemur næstur. Hann á stórglæsilegan gimbrahóp og mælast þær með þykkastan bakvöðva. Niðurstöðum í öðrum þáttum rannsóknarinnar eru ekki jafn framúrskarandi en góðar eigi að síður. Að baki móður hans standa þeir Baugur 10-889 frá Efstu-Grund og Svali frá Melum 1 í öðrum ættlið. Sá þriðji í röðinni er Gæi 22-029 sonur Gimla 20-876 frá Hesti. Gæi sækir yfirburði sína að mestu í mat á lifandi lömbum. Móðir hans dóttir Hængs 10-903 frá Geirmundarstöðum. Gæi varð skammlífur eins og stundum vill verða með efnishrúta. Loks skal nefna Bola 21-024 sem á vænsta sláturlambahópinn sem jafnframt flokkast með hagstæðum hætti. Boli var svartur sonur Svarðar 18-854 frá Hesti.

Svertingsstaðir, Eyjafirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Guðni Th	22-684	Boris	19-670	110,0	109,2	127,5	115,6	20,1	11,0	7,3	30,9	3,3	18,4	137
Broddi	21-680	Hnikill	18-053	104,9	117,8	117,6	113,4	19,4	12,1	7,9	29,9	2,8	17,9	145
Foss	22-687	Svörður	18-854	80,7	105,7	118,9	101,8	17,2	9,5	5,9	30,3	3,0	17,7	136
Pétur	22-688	Brandur	21-681	98,7	103,3	97,5	99,8	18,6	11,0	7,5	29,1	3,6	18,0	140
Bjartur	22-686	Clinton	21-679	113,5	94,6	86,7	98,3	20,6	9,8	6,9	29,8	4,3	17,9	140
Brandur	21-681	Máfur	19-079	102,1	94,7	77,4	91,4	19,1	10,0	7,0	28,3	3,8	17,6	137
Spónn	22-683	Askur	19-668	101,8	73,5	59,1	78,2	19,0	9,3	7,3	27,5	3,5	17,1	149
							Meðaltal:	18,8	10,2	6,9	29,6	3,4	17,8	140

Guðni Th. 22-684 stendur efstur í heildina með góða yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar en mest sækir hann þó í mat á lifandi lömbum. Þar bera dætur hans langt af öðrum hópum bæði í bakvöðvabykk og lærastigum. Faðir hans Boris 19-670 var aðkeyptur frá Ragnari á Heydalsá, sonarsonur Magna 13-944. Móðurfaðir Guðna Th. er einnig kaupahrútur frá Heydalsá. Broddi 21-680 kemur næstur í heildareinkunn en þessi hrútur er keyptur frá Broddanesi eins og nafnið gefur til kynna. Broddi stóð efstur í afkvæmarannsókn hér haustið 2022. Hann sýnir aftur fram á að hann er öflugur kynbótahrútur gagnvart gerðinni og sláturlambahópur hans fær langbesta gerðarmatið þetta haustið. Þau eru hinsvegar í feitari kantinum sem heldur nokkuð aftur af kjötmatseinkunn.

Bárðartjörn, Grýtubakkahreppi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Surtur	19-468	Durtur	16-994	117,6	105,5	129,6	117,6	17,2	9,4	6,4	31,6	2,7	17,8	131
Trausti	21-482	Surtur	19-468	104,3	121,0	126,1	117,1	16,3	9,5	5,9	31,7	2,7	17,4	135
Ljúfur	22-489	Grettir	20-877	104,2	102,4	113,4	106,7	16,4	8,9	5,9	31,0	2,5	17,1	133
